



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands varðandi framkvæmdir og framtíðaráætlanir um leikskólann Hlíð

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 6. mars 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

Í október á síðasta ári fannst mygla í húsnæði á leikskólanum Hlíð. Stóra-Hlíð sem er önnur bygging leikskólans hefur verið lokuð síðan og ekkert bólað á aðgerðum. Hvers vegna eru framkvæmdir vegna myglu ekki hafnar við Stóru-Hlíð? Hvenær er stefnt að því að þær hefjist? Hverjar eru framtíðaráætlanir vegna starfseminnar á Hlíð?

Svar:

Kostnaðar- og verkáætlun vegna framkvæmda við Stóru Hlíð liggur fyrir. Samkvæmt verkáætlun er gert ráð fyrir að framkvæmdir taki 12 - 16 mánuði en þó má gera ráð fyrir að eitthvað óvænt komi upp sem geti tafið verkið.

Ákveðið hefur verið að laga húsið í núverandi mynd. Ljóst er að mjög snúið er að gera stærri breytingar eins og á útliti hússins. Til dæmis þarf leyfi frá Minjastofnun fyrir ákveðnum breytingum á húsinu eins og að klæða það að utan og alls óvíst að það fáist. Annað sem þarf að gera er að skipta um gólfefni, lagfæra lyftu, mála, bæta hljóðvist, laga dren og skipta um glugga. Líklegt má telja að fleira komi í ljós í miðjum framkvæmdum. Foreldrar og leikskólustjórnendur verða upplýstir um framgang verksins þegar áföngum er náð.

Þá er upplýst að verið er að klára hönnun á því sem þarf að laga og breyta í Litlu Hlíð. Unnið hefur verið að mótvægisáðgerðum í húsinu og verður árangur af þeim metin bráðlega. Þegar kemur að stærri framkvæmdum í húsinu er ljóst að flytja þarf starfsemina annað en tímasetningar liggja ekki fyrir.

Áætlað er að leikskólinn verði í Safamýri þangað til að framkvæmdum í Stóru Hlíð lýkur. Leit að tímabundnu húsnæði innan hverfis hefur gengið illa. Tillaga um að setja niður ævintýraborg við Björtuhlíð gengur því miður ekki upp þar sem að í ljós hefur komið að ekki er rými nema fyrir um 30 barna einingu á svæðinu. Þá hafa þreifingar um að setja leikskóla tímabundið við Klambratún ekki skilað árangri og eru ólíklegar til að ganga eftir.